

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Ársskýrsla

Annual Report

2004



Ávarp forstöðumanns / Foreword	2
Starfsemi og skipulag / Organization and Management	3
Rekstrarreikningur / Operating Summary	5
Fornleifaskráning / Archaeological Site Survey	6
Uppgreftir / Excavations	18
Skálholt	18
Þingminjarannsóknir/Iron Age Assemblies	21
Gásir	22
Hofstaðir	26
Sveigakot	28
Höfðagerði	31
Hrísheimar	33
Reykholt	35
Möðruvellir	37
Hvolsvöllur	39
Reykir	40
Forn Garðlög/Earthworks	41
Suðurgata	43
Eyri	44
Vatnsfjörður	45
Kúvíkur	46
Kárahnjúkar	47
° Flúreitrin af völdum Skaftárelda/Flourine Poisoning	48
Kumlarannsóknir/Viking Age Burials	51
Rannsókn á strontíumsamsætum/Strontium Isotope analysis	52
Heilsufarssaga Íslendinga/Palaeopathology	53
Gripir/Finds	55
Útgáfa og miðlun / Publication and Outreach	57
ARENA	57
Miðlun menningarsögulegra upplýsinga	61
Archaeologia Islandica	64
Fornleifaskólinn / Fieldschool	65
Stjórn og starfsfólk / Management and Staff	66
Samstarfsaðilar og viðskiptavinir / Collaborators and Clients	73
Listi yfir verkefni 2004 / Projects 2004	74
Ferðir og fundir 2004 / Meetings and Lectures 2004	75
Ritaskrá 2004 / Bibliography 2004	77



Starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar Fornleifastofnunar Íslands hefur vaxið á hverju ári frá stofndegi fyrir tæpum áratug síðan, en á árinu 2004 voru umsvifin svipuð og árið áður. Aukning frá fyrra ári varð um 10% og er reksturinn í góðu jafnvægi.

Stærstu verkefni ársins voru rannsóknirnar í Skálholti, á Gásum og Þingvöllum sem öll eru styrkt af Kristnihátíðarsjóði, fjölpætt verkefni í S-Þingeyjarsýslu sem nýtur öndvegisstyrks frá Rannís og alþjóðlegt verkefni um vefútgáfu fornleifagagna sem stofnunin vinnur að ásamt nokkrum öðrum löndum og nýtur stuðnings frá Evrópusambandinu.

Alls voru 55 einstaklingar við störf um lengri eða skemmri tíma. Unnið var að rúmlega 40 verkefnum í öllum landsfjórðungum. Fjöldi útgefinna ritverka var 40. Velta stofnunarinnar var 80 mkr.

Adolf Friðriksson, forstöðumaður

Foreword

After a decade of constant growth, the activities of the Institute of Archaeology (FSI) in 2004 were of a similar scale as in the previous year. With some 10% increase this year, the state of affairs is reaching a good equilibrium.

The largest projects in 2004 were the investigations at Skálholt, Gásir and Þingvellir, funded by the Millennium Fund; the multi-disciplinary work in the Mývatn area in NE-Iceland, supported by the Icelandic Research Council (Rannís); and through EU funds, an international project of web portals for archaeological archives in which the Institute participates together with several other countries.

Altogether there were 55 employees and other participants in FSI projects. There were over 40 projects in all parts of Iceland and 40 publications. The annual turnover was 80 million krónur.

Adolf Friðriksson, director



Hlutverk Fornleifastofnunar

Fornleifastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun og starfar eftir staðfestri skipulagsskrá (Stj.tíð. 1995, B 62-65, nr. 396) samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir nr. 19/1988. Var skráin staðfest af hálfu dómsmálaráðuneytisins þann 7. júlí 1995. Hófst þar með formleg starfsemi stofnunarinnar, en hún tók jafnframt yfir margvíslegt rannsóknarstarf sem unnið hafði verið af aðstandendum hennar allt frá árinu 1989.

Tilgangur stofnunarinnar er að efla rannsóknir og útgáfustarfsemi á sviði fornleifafræði og skyldra greina. Sérstök áhersla hefur verið lögð á uppbyggingarstarf, og hafa starfsmenn stofnunarinnar komið víða við, s.s. við endurskoðun þjóðminjalaga og endurskipulag þjóðminjavörslu, þróun og umbætur á aðferðafræði við fornleifaskráningu, uppgröft, umhverfismat og gagnasýslu. Einnig hefur verið lögð áhersla á þátt fornvistfræða við fornleifarannsóknir, og fjölþætt samstarf við innlenda og erlenda

aðila. Stofnunin rekur safn rannsóknargagna og upplýsinga um íslenskar fornleifar (Ísleif) og gefur út alþjóðlegt tímarit um íslenskar fornleifar og skylt efni, *Archaeologia Islandica*. Stofnunin hefur unnið við margvísleg fræðsluverkefni, veitir námsstyrki og tækifæri til starfsnáms, og á hennar vegum starfar Fornleifaskólinn, sem veitir ungu vísindafólki þjálfun í vettvangsrannsóknum.

Stjórn

Í stjórn stofnunarinnar sitja: Adolf Friðriksson formaður, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Orri Vésteinsson og Mjöll Snæsdóttir. Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu þar sem rætt var um stöðu stofnunarinnar og framtíð. Lagðir voru fram ársreikningar og þeir samþykktir.

Starfslið

Árið 2004 voru 27 starfsmenn í föstu starfsliði Fornleifastofnunar: Adolf Friðriksson,

Organization and Management

The Role of the Institute

Fornleifastofnun Íslands is an independent charity governed by statutes (Stj.tíð. 1995, B 62-65, nr. 396) in accordance with the Funds and Institutions Act no. 19/1988. The statutes were confirmed by the Ministry of Justice on 7 July 1995. That year, activities started formally; however the FSI took over various research activities run by the founders of the institute since 1989.

The aim of the institute is to increase research and publication in archaeology. Particular emphasis is placed on development and improvement of the working environment of archaeologists in Iceland, such as methodological development, survey, excavation, environmental assessment and data management. The FSI has also emphasised international cooperation. The FSI runs a large database of archaeological sites in Iceland (ISLEIF) and publishes an international journal (*Archaeologia Islandica*). The FSI also runs an international fieldschool

every summer.

Board of directors

On the board of directors are: Adolf Friðriksson (Chairman), Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Mjöll Snæsdóttir and Orri Vésteinsson. The Board held three meetings in the year, discussing the current position of the Institute and future development. The annual accounts were presented and accepted.

Staff

In 2004 there were 27 permanent members of staff: Adolf Friðriksson, Andrea Harðardóttir, Anna Eygló Magnúsdóttir, Ágústa Edwald, Barbara Guðnadóttir, Colleen Batey, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin M. Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir, Howell M. Roberts, James Stuart Taylor, Mjöll Snæsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred,

Andrea Harðardóttir, Anna Eygló Magnúsdóttir, Ágústa Edwald, Barbara Guðnadóttir, Colleen Batey, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin M. Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir, Howell M. Roberts, James Stuart Taylor, Mjöll Snæsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred, Ólöf Þorsteinsdóttir, Ragnar Edvardsson, Rúnar Leifsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir, Uggi Ævarsson og Þóra Pétursdóttir. Voru þrettán einstaklingar í fullu starfi en aðrir í hluta-störfum.

Auk þeirra unnu við fornleifaskráningu, fornleifauppgröft og önnur verkefni: Arnar Már Vilhjálmsson, Auður Halldórsdóttir, Bruno Berson, Kathryn Lucy Blythe, Paul Graham Clark, Astrid Daxböck, Louise Felding, Guðmundur H. Jónsson, Andrew F. Hall, Cassian Hall, Anies Hassan, Hákon Jensson, Candice Keziah Hatherley, Katarina Hegner, Hrönn Konráðsdóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús

Hallur Jónsson, Magnús Á. Sigurgeirsson, Ruth A Maher, María I. Reyndal, Natascha Mehler, Karen Milek, Freya Sadarangani, Óskar G. Sveinbjarnarson, Sólveig Guðmundsdóttir, Stefán Skúlason, Antonia Susan Thomas og Jeanette Wooding.

Adolf Friðriksson er forstöðumaður stofnunarinnar. Gavin Lucas er aðstoðar-forstöðumaður, Howell Magnús Roberts deildarstjóri uppgraftardeildar, Elín Ósk Hreiðarsdóttir deildarstjóri forn-leifaskráningar, Ólöf Þorsteinsdóttir skrif-stofustjóri, Sædís Gunnarsdóttir fram-kvæmdastjóri Fornleifastofnunar á Norðurlandi og Andrea Harðardóttir er verkefnastjóri Fornleifastofnunar á Ísafirði.

Alls voru 55 launþegar á árinu, í 18 stöðugildum.

Ólöf Þorsteinsdóttir, Ragnar Edvardsson, Rúnar Leifsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir, Uggi Ævarsson and Þóra Pétursdóttir. Thirteen worked full-time, others part-time. In addition, the following worked short-term on surveys, excavation or other projects: Arnar Már Vilhjálmsson, Auður Halldórsdóttir, Bruno Berson, Kathryn Lucy Blythe, Paul Graham Clark, Astrid Daxböck, Louise Felding, Guðmundur H. Jónsson, Andrew F. Hall, Cassian Hall, Anies Hassan, Hákon Jensson, Candice Keziah Hatherley, Katarina Hegner, Hrönn Konráðsdóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Hallur Jónsson, Magnús Á Sigurgeirsson, Ruth A Maher, María I. Reyndal, Natascha Mehler, Karen Milek, Freya Sadarangani, Óskar G. Sveinbjarnarson, Sólveig Guðmundsdóttir, Stefán Skúlason, Antonia Susan Thomas, Jeanette Wooding.


Friðriksson. Gavin Lucas is assistant director, Howell Magnus Roberts is head of department of excavation, Elín Ósk Hreiðarsdóttir is head of survey, Ólöf Þorsteinsdóttir is head secretary, Colleen Batey is part-time finds manager, Sædís Gunnarsdóttir is manager of Fornleifastofnun in Akureyri, and Andrea Harðadóttir is part-time project manager of Fornleifastofnun in Ísafjörður.

In all there were 55 employees on payroll, in 18 posts.

The director of the institute is Adolf

	2004	2003	Changes (%)
Tekjur í þús. Kr.			
Seld þjónusta	41,042	39,484	4
Aðrar tekjur	38,523	38,329	0.5
Heildartekjur	79,565	77,813	2
Gjöld í þús. Kr.			
Ársverk	18	18	0
Launagjöld	47,976	45,256	6
Rekstrargjöld	30,559	25,588	19
Fjárfestingar	1,419	891	59
Heildargjöld	79,954	71,753	11
Afkoma ársins	-389	6,060	


Skipting tekna FSÍ 2004



Operating Summary

	2004	2003	Changes (%)
Income in Ikr. 1000			
Contracted services	41,042	39,484	4
Other income	38,523	38,329	0.5
Total income	79,565	77,813	2
Expenditure in Ikr. 1000			
Person-years	18	18	0
Staff	47,976	45,256	6
Operational costs	30,559	25,588	19
Investments	1,419	891	59
Total Expenditure	79,954	71,753	11
Surplus of income over expenditure	-389	6,060	

The Institute's income 2004



Frá árinu 1993 hefur Fornleifastofnun Íslands unnið að fornleifaskráningu víða um land og unnið jafnt og þétt að því að bæta skráningarkerfið, geymslu og miðlun gagnanna. Fornleifaskráningu er skipt í svæðis-, aðal- og deiliskráningu.

Svæðisskráning felst í að taka saman gögn, annars vegar um þekktar fornleifar og hins vegar um atriði sem geta gefið vísbendingar um staðsetningu og eðli fornleifa. Á þeim grunni er lagt mat á fjölda, dreifingu og eðli menningar-minja á viðkomandi svæði og gerðar tillögur um verndun, nýtingu og frekari athuganir. Heppilegast er að sveitarfélög, héruð eða sýslur sameinist um að láta gera svæðisskráningu, enda er það hagkvæmasta leiðin til að fá yfirlit um menningarminjar og afla þeirra heimilda sem nauðsynlegar eru við aðalskráningu eða vettvangsvinnu. Niðurstaða svæðisskráningar er annars vegar skýrsla með heildarmati á menningarminjum á athugunarsvæðinu og

hins vegar gagnagrunnur yfir allar þær upplýsingar sem safnað hefur verið og aðalskráning mun síðan byggjast á.

Aðalskráning byggist á svæðisskráningu en felst í vettvangsvinnu og miðar fyrst og fremst að því að staðsetja og kortleggja fornleifar. Þá er farið á vettvang, viðtöl tekin við staðkunnuga og gengið á alla minjastaði, þeir skoðaðir og staðsettir á korti. Tóftir eru teiknaðar upp og ljósmyndaðar. Á grunni þeirra upplýsinga er síðan rituð skýrsla þar sem gerð er grein fyrir sögu mannvistar og búskapar á viðkomandi svæði, lýst einkennum menningarminja og gerðar tillögur um verndun og kynningu.

Deiliskráning er nákvæm rannsókn og/eða uppmæling á einstökum minjastöðum á litlu svæði, t.d. þar sem leggja þarf mat á hvort fjarlægja á fornleifar með uppgrefti eða þar sem nýta á minjastaði fyrir útivist. Ólíkt svæðis- og aðalskráningu fornleifa er ekki

Archaeological Site Survey

The Institute started surveying archaeological sites in 1993. Since that time, the Institute has worked towards improving the methods of surveying as well as the archiving and communication of the data.

The Institute approaches site survey in the following three stages that coincide with the three stages of planning work as it is carried out in Iceland: regional, field and intensive surveys.

Regional survey

In a regional survey available documentary evidence on archaeological sites is assembled and analyzed. A regional survey aims to give a description of known archaeological sites and evaluate the number, types and condition of archaeological sites in the area in question.

The outcome of a regional survey is twofold: first, a report with a desktop assessment of the archaeological sites in the entire area and suggestions of ways to protect and promote sites in the area as well as

further research. Second, a database with all the sites in the area on which the next, field-stage of survey can be built on.

Field survey

A field survey expands on the regional survey by visiting all the sites in the field and making descriptions and illustrations of them.

Before going into the field, the surveyors interview locals in order to gather further information about archaeological sites that are not mentioned in documents. In the field survey, all sites are visited and mapped then all the ruins photographed and drawn. A field survey report includes an overview of the history of settlement and agriculture in the area as well as a description of the characteristics of the sites in the area. Suggestions are also made regarding ways to protect and promote sites in the area. The aims of field survey are the same as regional surveys but the results are more focused because they are based on thorough field research.

gert ráð fyrir deiliskráningu á öllum minjastöðum. Deiliskráning er fyrst og fremst gerð þar sem verið er að vinna deiliskipulag.

Markmið deiliskráningar er að fá nákvæma yfirsýn yfir minjar á litlum, afmörkuðum svæðum.

Umhverfismat

Við umhverfismat eru notaðar svipaðar aðferðir og við aðal- og deiliskráningu. Þá er afmarkað svæði rannsakað nákvæmlega á vettvangi og lagt mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda og gerðar tillögur um mótvægisáðgerðir.

Svæðisskráning 2004

Árið 2004 voru svæðisskráðar um 7000 fornleifar í Ísleifu, gagnagrunn Fornleifastofnunar. Um svæðisskráningu sáu Andrea Harðardóttir, Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Á árinu var unnin svæðisskráning fyrir eftirtalda


hreppa:

- Djúpavogshrepp
- Kolbeinsstaðahrepp
- Eyja- og Miklaholtshrepp
- Hvítársíðahrepp
- Kjósarhrepp
- hluta Siglufjarðarkaupstaðar

Auk þess var gerð svæðisskráning fyrir eftirtalda bæi og svæði í tengslum við minni verkefni:

- Nokkrar jarðir á mörkum Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, vegna Dettifossvegar

Staða skráningar í árslok 2004
Status of survey, December 2004



An intensive survey is a more thorough research project with intensive mapping or even limited excavation. It is only carried out on selected sites when a more detailed analysis is needed to facilitate decisions about land use. Unlike regional and field surveys, intensive survey is not carried out on all sites; only those that might become threatened by changing land use – namely as a condition of planning consent where a planning application has already been made. The aim of intensive survey is primarily to get as complete and precise an overview as possible of all sites in a small, defined area.

Environmental assessment

In addition to the three stages mentioned above, the Institute of Archaeology has worked on environmental assessments. In environmental assessments similar methods as in intensive survey are used. Field and intensive survey work is carried out in a

defined area and assessment is made of the potential influence the proposed development might have on archaeological sites in the specified area.

Regional survey 2004

In the year 2004 there were about 7000 sites included in a documentary survey and registered in ISLEIF, the sites and monuments database of the Institute of Archaeology. The following people conducted documentary survey in 2004 for the Institute: Andrea Harðardóttir, Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. During the year documentary survey was completed for the following parishes:

- Galtarholt í Borgarbyggð í Mýra- og Hnappadalssýslu
- Langanes/Eyrardalur við Súðavík í Ísa-fjarðarsýslu
- Innri-Kóngsbakki í Helgafellssveit á Snæfellsnesi
- Nokkrar jarðir í Öxarfjarðarhreppi í Norður-Þingeyjarsýslu vegna skráningar á Norðausturvegi

Í árslok 2004 voru tæplega 67.000 svæðis-skráðar fornleifar í gagnagrunni Fornleifastofnunar.

Aðalskráning 2004

Árið 2004 voru aðalskráðir rúmlega 2300 minjastaðir, sem eru örlítið fleiri staðir en skráðir voru árið 2003 og hafa sjaldan verið skráðir svo margir staðir á einu ári.

Aðalskráningu á stærri svæðum, s.s. í heilum hreppum, er gjarnan skipt niður nokkra áfanga og unnin á nokkrum árum. Árið 2004 var hafist handa við fimm nýja aðalskráningaráfanga þar sem allir minjastaðir innan sveitarfélags eru skráðir. Þetta

voru sveitarfélögin Hvítársíðuhreppur, Hörgárbyggð, Ólafsfjarðarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður og Svalbarðsströnd. Tveimur verkefnanna var lokið á árinu en hin þrjú verða unnin í áföngum á 2-4 ára tímabili. Auk stærri skráningarverkefna voru aðal-skráðar fornleifar á Hvolsvelli og næsta nágrenni, fornleifar á Narfastöðum í Reykjadal og á Krókdal í Suður-Þingeyjarsýslu en síðasttalda verkefnið hlaut styrk úr Fornleifasjóði. Sjóðurinn styrkti líka skráningu á bænhúsum og kirkjum sem einnig hlaut styrk úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

Eftirtaldir unnu að aðalskráningu á árinu: Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Orri Vésteinsson, Rúnar Leifsson, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. Stærstu aðalskráningarverkefni ársins 2004 voru þessi:

Hvítársíðuhreppur

Haustið 2004 hófst fyrri áfangi aðal-skráningar í Hvítársíðuhreppi. Skráning fór

- Djúpavogshreppur
- Kolbeinsstaðahreppur
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Hvítársíðuhreppur
- Kjósarhreppur
- part of Siglufjarðarkaupstaðar

Besides these, there was also documentary surveys conducted on farms and areas in connection with smaller projects:

- A few farms on the boundary of Suður- and Norður-Þingeyjarsýsla, because of Dettifoss road
- Galtarholt in Borgarbyggð in Mýra- and Hnappadalssýsla
- Langanes/Eyrardalur close to Súðavík in Ísafjarðarsýsla
- Innri-Kóngsbakki in Helgafellssveit on Snæfellsnes
- A few farms in Öxarfjarðarhreppur in Norður-Þingeyjarsýsla

By the end of the year there was just under 67,000 sites registered in ISLEIF for which a

documentary survey had been conducted.

Field survey 2003

In 2004 there were over 2300 sites surveyed in the field, an increase from the previous year and rarely have so many sites been surveyed in the field in one year.

Field surveys of large areas such as entire parishes are often divided into several stages and conducted over several seasons. In the year 2004 five new parish-wide field survey projects were started; these were the communities of: Hvítársíðuhreppur, Hörgárbyggð, Ólafsfjarðarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður og Svalbarðsströnd. Two of these projects were finished in one season, while the others will be completed over 2-4 years. Besides these, there were also field surveys in the town of Hvolsvöllur and its environs, the farm of Narfastaðir in Reykjadalur and in Krókdalur in Suður-Þingeyjarsýsla. The latter was partly subsidized through a grant from Fornleifasjóður. This grant, along with the Research Fund of the University of Iceland, also supported the

fram frá miðjum ágúst fram í miðjan nóvember. Alls voru 716 fornleifar skráðar á 17 jörðum. Heimalönd allra jarða hreppsins voru skráð en áætlað er að skrá afrétt Hvítarsíðunga og sellönd einstakra jarða vorið 2005 og ljúka þar með skráningu í hreppnum. Hvítarsíða er blómlegt landbúnaðarhérað. Mikill landbúnaður hefur verið stundaður í hreppnum í gegnum aldirnar og bera fornleifarnar þess merki. Flestar skráðar minjar tengjast sauðfjárbúskap með einum eða öðrum hætti svo sem stekkir, kvíar, sel, beitarhús og smalakofar. Margar minjar hafa vikið fyrir túnrækt og nýbyggingum, enda hefur búskapur verið á öllum jörðum hreppsins þar til á síðustu áratugum en síðan þá hafa einstaka bæir farið í eyði.

Hörgárbyggð

Sumarið 2004 var hafist handa við fyrsta áfanga af þremur í skráningu fornleifa í Hörgárbyggð. Sveitarfélagið Hörgárbyggð varð til úr þremur sveitarfélögum þegar Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur voru sameinaðir um

áramótin 2000-2001. Áður en að sameiningu kom hafði Fornleifastofnun lokið aðal-skráningu í Glæsibæjarhreppi og er því stefnan nú að skrá þær fornleifar sem eftir standa í fyrrverandi Öxnadalshreppi og Skriðuhreppi.

Sumarið 2004 voru skráðar tæplega 300 fornleifar frá hreppamörkum Arnarneshrepps og skráðir bæir inn að Staðartungu en þar skiptist dalurinn í Myrkárdal, Barkárdal og Hörgárdal annars vegar en Öxnadal hins vegar. Haldið var inn Öxnadal og þar skráðir bæir vestanmegin í dalnum að Hálsi.

Skráningunni 2004 má skipta í tvo hluta, annars vegar var skráður fjöldi bæja þar sem enn er stundaður blómlegur búskapur enda skilyrði góð til landbúnaðar. Þar eru flestar fornleifar í kringum bæi horfnar vegna túnasléttunar og annars rasks en oft mátti finna heillegar rústir lengra frá bæ og í þverdölum. Hins vegar var skráður nokkur fjöldi eyðibýla, sérstaklega í Öxnadal þar sem byggð lagðist af á fyrri hluta 20. aldar og miklar rústir er að finna, jafnt í

surveying of chapels and churches.

The following people were involved in field survey over the year: Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Orri Vésteinsson, Rúnar Leifsson, Stefán Ólafsson, Sædis Gunnarsdóttir and Uggi Ævarsson.

The largest field survey projects of the year were as follows:

Hvítarsíðuhreppur

In the fall of 2004 the first of a two-stage project in Hvítarsíðuhreppur was conducted. Altogether 760 sites were surveyed on 17 farms. Most of the property of all the farms in the parish were surveyed this year, with the common lands of the parish and the distant shielings to be surveyed in the spring of 2005, thus completing the project. Hvítarsíða is a prosperous agricultural area which has a long history visible on the sites today. Most of the sites are connected to sheep farming in one way or another. Many of the sites have disappeared as a result of homefield levelling and house con-



Vandlega hlaðin refagildra í Gilsbakkalandi í Hvítarsíðu

Well built foxtrap in Gilsbakki, Hvítarsíða

struction, as most of the farms have been continuously occupied, though a few have been abandoned in the last decades.

Hörgárbyggð

In the summer of 2004 the first of a three-part survey in Hörgárbyggð was conducted.



Bæjar- og útihúsastæði á Miðhálsstöðum, nyrst í Öxnadal. Eins og sjá má af myndinni er nú þétt skógrækt á svæðinu en hefur gamla túnstæðinu að mestu verið þyrmt.

The old farmstead of Miðhálsstaðir, north of Öxnadalur. As can be seen on the picture, thick forest is now in the area but the homestead and ruins have mostly been spared.

heimatúnum sem og fjarri bæjum.

Ólafsfjörður

Í júlí árið 2004 var aðalskráður fyrri áfangi af tveimur í Ólafsfirði. Samtals voru um 170 fornleifar skráðar meðfram norðvestanverðum firðinum, frá Fossdal suður að Kvíabekk. Áætlað er að skráningu ljúki sumarið 2005.

Jarðirnar sem skráðar voru sumarið 2004 eru yfirleitt ekki landmiklar þótt drjúgstórir dalir fylgi sumum þeirra. Gróflega má skipta svæðinu sem skráð var í tvennt. Annars vegar eru Kleifarnar, byggðaklasi sem er fast vestan við sjálfan Ólafsfjörðinn (spölkorn norður af þorpinu), þar sem land skiptist milli Ytri-Ár og Syðri-Ár. Hins vegar eru jarðir sem eru inn af firðinum, vestan og innan við Ólafsfjarðarvatn. Garður og Auðnir eru rétt vestan við vatnið en Þóroddsstaðir, Hríthóll, Hringverskot og Kvíabekkur eru suðsuðvestar, austan í Þóroddsstaðafjalli (Auðnahyrnu). Dalir tilheyra Garði og Kvíabekk en bæirnir þar á milli eiga land frá Ólafsfjarðará upp á fjallsegg.

The community derives from the recent amalgamation of three parishes, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur and Skriðuhreppur in 2001. Prior to this, the FSI had already completed a survey in one of these parishes (Glæsibæjarhreppur).

In 2004, just under 300 sites were surveyed.

The survey in 2004 covered two types of land; the first was in areas still under cultivation. There, most of the sites closest to the farm had disappeared because of homefield levelling or other activity, but ruins could still be found further away and along tributary valleys. The second was in deserted areas, especially common in Öxnadalur, where large numbers of settlements were abandoned in the earlier part of the 20th century. Here there were many ruins, both in the homefields and further afield.



Stekkjartóft í landi Kvíabekkjara, norður og upp af túni.

Ruins of stekkur just outside the homefield in Kvíabekkur, Ólafsfjörður

Ólafsfjörður

In July 2004 the first part of a two-year field survey took place. Altogether c. 170 sites were surveyed along the northwestern fjord from Fossdalur to Kvíabekkur. The farms were usually not large properties even though they may

Siglufjarðarkaupstaður

(Hvanneyrarhreppur)

Haustið 2004 fór fram fyrsti áfangi fornleifaskráningar af fjórum í Hvanneyrarhreppi hinum forna en hann tekur yfir Siglufjarðarkaupstað og nágrenni. Alls voru skráðir um 150 minjastaðir á fimm jörðum. Annars vegar voru það þrjár jarðir nyrst og vestast í hreppnum þar sem margvíslegar minjar var að finna, bæði sem tengjast landbúnaði og sjósókn. Á þessu svæði er undirlendi fremur takmarkað en heyskaparlönd hafa verið mest í Engidal og Úlfsdölum sem ganga upp í landið frá ströndinni. Hins vegar voru skráðir tveir bæir sem stóðu þar sem kaupstaðarlandið er nú. Þar hefur ásynd lands breyst mikið á 20. öld vegna uppbyggingar og er fátt um óskemmdar minjar. Siglufjörður fékk verslunarréttindi 1818 og óx jafnt og þétt eftir það, fyrst sem miðstöð hákarlaveiða en síðar sem síldveiðibær eins og frægt er orðið. Miðað er við að skráningu í öllum hreppnum ljúki sumar eða haust 2007.

have owned long tributary valleys. There were two main areas. The first was Kleifarnar, an area of nucleated farms centred on two properties, Ytriá and Svöría, on the western side of the fjord and north of the town Olafsfjörður. The second was the area around lake Olafsfjörðurvatn at the bottom of the fjord. The farms Garður and Auðnir are just west of the lake, while Þóroddsstaðir, Hríthóll, Hringverskot og Kvíabekkur are to the south-southwest, east of Mount Þóroddsstaðafjall. The tributary valleys in the area belong to the biggest farms Garður and Kvíabekkur but all the farms between them have land from the river Ólafsfjarðará up to the mountain top.

Siglufjörður

In the autumn of 2004 a field survey was started in Siglufjörður, North-Iceland. The plan is to complete the survey in 2007 but at this first stage a total of about 150 sites was surveyed on five farms. Three of these are

Svalbarðsstrandarhreppur

Skráning í Svalbarðsstrandarhreppi fór fram í tveimur áföngum sumarið 2004, annars vegar í júní og hins vegar í ágúst. Voru alls skráðar um 300 fornleifar á 17 jörðum. Byggðin í hreppnum er utan í vestanverðri Vaðlaheiði og eftir að menn fóru að nota stórvirkar vinnuvélar til sléttunar hefur ræktunin teygst sig nokkuð upp í heiðina.

Í Svalbarðsstrandarhreppi hefur geysilegur fjöldi minja orðið túnsléttun að bráð, og er það einna helst sökum mikillar kartöfluræktar sem var stunduð á svæðinu nær alla 20. öldina þótt víðast hafi dregið alveg úr henni á síðustu árum. Tún hafa nú víða verið ræktuð þar sem kartöflur uxu áður, en langt



Gamli bærinn á Meyjarhóli á Svalbarðsströnd. Leifar bæjarhúsanna úr torfi, grjóti og timbri eru best varðveittu leifar eldri bæjarhúsa á þessu svæði og í bænum var búið fram til 1956.

The old farm in Meyjarhóll, Svalbarðsströnd. The farm was built from turf, timber and stone and was lived in until 1956

located in the northwestern part of the area and on them, many different types of site can be found, both linked to agriculture and fishing. In this area lowland is limited and most of the hay was acquired from two tributary valleys, Engidalur and Úlfsdalir. The other two farms were located where the fishing town of Siglufjörður now stands. There, the landscape has changed dramatically with the growth of the town and very few sites are well-preserved. Siglufjörður obtained its trade licence in 1880 and grew



Bænhúsaskráning. Gamli kirkjugarðurinn í Húsavík í Norður-Múlasýslu en sjórinn hefur brotið af suðurenda garðsins.

The old churchyard in Húsavík, Norður-Múlasýsla. The sea is eating into the southern edge of the churchyard.

eru greinilegar. Enn er stundaður hefðbundinn búskapur í hreppnum þó að hann hafi dregist saman á síðustu árum og hefur mikið verið byggt af íbúðarhúsum í hreppnum enda algengt að Svalbarðsstrendingar sæki vinnu til Akureyrar.

Bænhúsaskráning

Sumarið 2004 var unnið að skráningu bænhúsa og kirkna. Skráð voru guðshús í Sunnlendinga- og Austfirðingafjórðungi og er skráningu á báðum svæðum að mestu lokið.

Verkefnið felst í skráningu á kirkjuleifum um allt land til að fá heildstætt yfirlit um staðsetningu og dreifingu kirkna og bænhúsa og kortleggja þær leifar sem enn eru sýnilegar á yfirborði. Áætlað er að um 1100 kirkjur og bænhús hafi verið á Íslandi á

er síðan minjar á slíkum stöðum voru plægðar í burtu.

Margar athyglisverðustu töftirnar á svæðinu er annars vegar að finna við sjóinn þar sem enn eru minjar eftir sjósókn íbúanna og hins vegar uppi í Vaðlaheiði, ofan túna. Þar eru nokkrar seljatóftir sem enn

steadily thereafter - first as a centre for shark fishing, but latterly through the her-ring industry.

Svalbarðsstrandarhreppur

The survey in Svalbarðsstrandarhreppur was done in two parts during the summer of 2004, the first part in June and the second in August. Approximately 300 sites were recorded on 17 farms. The settle-ments are located on the western side of Vaðlaheiði but, since the introduc-tion of agricultural machinery, field systems have extended up the sides of the heath.

In Svalbarðsstrandarhreppur a large number of sites have been levelled due to potato cultivation during the 20th century, though in many places this has since declined and these fields are now used for growing hay.

Many of the most interesting sites in the area are to be found either by the sea, where there are extensive

remains of fishing stations, or up by the heath, above the fields where ruins shiel-ings are untouched. In the parish agriculture is still practiced, although it has diminished



Bænhúsaskráning. Klyppstaðir í Loðmundarfirði: Öll byggð hefur lagst af í Loðmundarfirði en gömlu kirkjunni er haldið við að einhverju leyti.

Klyppstaðir in Loðmundarfjörður: The area is now totally abandoned but the church still maintained by locals in the area.

miðöldum. Þau gögn sem hefur verið safnað verða notuð til að varpa ljósi á hvað réði upphaflegri staðsetningu guðshúsa, hvort þær forsendur breyttust í kjölfar miðalda og hvaða samhengi er á milli guðshúsa og skipulags byggðarinnar. Verkið er samvinnuverkefni Háskóla Íslands og Fornleifastofnunar Íslands og var fjármagnað af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, Fornleifasjóði og Fornleifastofnun Íslands.

Krókdalur

Í ágúst 2004 fór fram aðalskráning á Krókdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Verkið var fjármagnað af Fornleifasjóði og Fornleifastofnun. Skráningarsvæðið var afmarkað af Suðurráhrauni og Hrafnabjörgum að norðan og Kiðagili að sunnan. Auk Krókdals voru Öxnadalur, Sandmúladalur og Grafarlönd vestari könnuð á vettvangi.

Gróðurleifar sýna að samfelldur gróður hefur verið í botni Krókdals og þar eru á nokkrum stöðum vísbendingar um mannabyggð, bæði örnefni og fornleifar, en auk þeirra eru til þjóðsögur um byggð á

dalnum. Byggðaleifar þessar eru um 400 m yfir sjávarmáli en það er svipuð hæð og hæstu byggð ból á Íslandi á seinni öldum, á Hólsfjöllum og Möðrudal. Syðstu byggðaleifarnar á Krókdal eru tæplega 100 km frá sjó og hefur ekkert byggt ból á Íslandi verið svo langt frá sjó á seinni öldum. Aðeins á Jökuldal og við Hvítárvatn eru fornar byggðaleifar á móta langt inn í landi.

Öfugt við nær allar eyðibygðir á hálendinu eða í hálendisjaðri hafði engin skipuleg fornleifaskráning farið fram á Krókdal fyrir sumarið 2004. Fornleifar þar liggja undir skemmdum vegna uppblásturs og því brýnt verkefni að staðsetja þær og lýsa þeim svo hægt verði að bjarga þeim frá frekari eyðingu. Niðurstöður fornleifaskráningar á Krókdal 2004 sýna að á dalnum sjálfum hafi



Helgastaðir á Krókdal, rofabarð í bæjarhól.

Erosion of the farm of Helgastaðir in Króksdalur.

somewhat in the last years; there are also a lot of new houses being built and it is common for people to work in Akureyri.

Chapel Survey

In the summer of 2004 a survey of all chapels and churches was conducted in the southern and eastern quarters of the country and almost completed. The aim of the project is to survey church and chapel remains all over Iceland in order to map their location and distribution and plan the remains that are still visible on the surface. It has been estimated that c.100 such structures existed in the Middle Ages in Iceland. The survey data being collected will shed light on the factors controlling location and whether this changed after the Middle Ages as well as the connection to the organization of settlements. It is a joint project of the University of Iceland and Institute of Archaeology and was financed by the Research Fund of the University of Iceland, Fornleifasjóður and the Institute of Archaeology, Iceland.

Krókdalur

In August 2004, a field survey was conducted in Krókdal in Suður-Þingeyjarsýslur. The project was financed by Fornleifasjóður and the Institute of Archaeology. The survey area was limited to Suðurráhraun and Hrafnabjörg in the north and Kiðagil in the south. Beides Krókdalur, Öxnadalur, Sandmúladalur and western Grafarlönd were investigated in the field.

Vegetation patches indicate former extensive vegetation all along the bottom of

verið búið á að minnsta kosti fjórum stöðum. Sú byggð hefur lagst af snemma, örugglega fyrir 13. öld, og væntanlega ekki staðið lengi, í mesta lagi tvær aldir og sennilega mun skemur.

Hvolsvöllur

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra fóru forsvarsmenn þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að gerð yrði aðalskráning á Hvolsvelli, eina þéttbýliskjarna svæðisins. Kaptúnið Hvolsvöllur er byggt úr landi Stórolfshvols og því var ákveðið að aðalskrá allar fornleifar innan jarðarinnar og hjáleigna hennar.

Landslag Hvolsvallar og nágrennis ein-kennist af flatlendi sem er vel fallið til ræktunar. Á síðustu áratugum hefur ásynð lands á svæðinu tekið stórfelldum breytingum

vegna túnasléttunar og framræslu. Auk þess hafa tíð ábúendaskipti valdið því að heimildir um minjar eru fátæklegri en víða annarsstaðar og örnefni mörg týnd. Aðalskráning skilaði þó 105 minjastöðum sem var rúmlega helmingi aukning frá svæðisskráningu.

Narfastaðir

Á Narfastöðum í Reykjadal hefur um árabilið verið rekin ferðapjónusta sem er í örum vexti. Hafði Unnsteinn Ingason, ferðapjónustubóndi hug á að láta aðalskrá fornleifar á jörðinni og í Narfastaðaseli svo að nota mætti upplýsingarnar til að miðla fróðleik um sögu jarðarinnar og sveitarinnar til ferðamanna. Verkefnið fékk styrk úr Kísilglúrsjóði á vormisseri 2004 og fór Unnsteinn þess á leit að stofnunin tæki að sér fornleifaskráningu á

jörðinni. Verkið var unnið í ágúst 2004 og voru þá allar fornleifar í landi Narfastaða og Narfastaðasels



Leifar vörslugarðs rétt utan við Hvolsvöll.

Remains of a boundary close to the town of Hvolsvöllur.

the valley and in a few places there are signs of human settlement, both in the form of place names and ruins as well as being mentioned in folk tales. These ruins are c.400m above sea level which is of similar elevation to the highest known settlement in the later Middle Ages in Hólsfjöll and Möðrudalur. The southernmost settlement remains in Krókdalur are just less than 100km from the coast and no other settlement is known so

far inland in the later Middle Ages and only in Jökuldalur and by Hvítárvatn can such inland settlements be found.

In contrast to almost all other highland deserted settlements, no systematic survey had been done in Krókdalur before the summer of

2004. The archaeology here is under threat from erosion and there is some urgency to locate and record the sites in order to help preserve them. The conclusion of this year's survey is that there were at least four major farms or settlements; these were abandoned early, certainly before the 13th century and their occupation was probably of limited duration - less than two centuries.

skráðar, samtals 100 talsins.

Fornleifar á Narfastöðum mynda skemmtilega heild og eru ótrúlega margar þeirra vel varðveittar þrátt fyrir umrót sem fylgir jafnan búskap, s.s. túnasléttun. Þar eru jafnt rústir húsa sem voru í notkun langt fram eftir 20. öld sem og tóftir og garðlög sem gætu hugsanlega verið allt frá fyrstu öldum byggðar. Mörg þeirra hafa ekki einungis þýðingu innan Narfastaðalands heldur fyrir sögu héraðsins í heild. Var það niðurstaða skráningarinnar að kynning minjastaðanna fyrir almenningi gæti aukið mjög á gildi ferðaþjónustu og útivistar á jörðinni.

Í árslok 2004 hefur Fornleifastofnun alls skráð um 18.600 fornleifar á vettvangi.

Deiliskráning 2004

Fornleifastofnun Íslands deiliskráði fjölda minni svæða árið 2004. Í flestum tilfellum var um að ræða litla, afmarkaða reiti þar sem fornleifaskráningar var krafist til að fá deiliskipulag samþykkt. Einnig voru skráðar heilar jarðir í þeim tilgangi að nýta forn-

leifar í framtíðarskipulagi jarða. Um deiliskráningu sáu Adolf Friðriksson, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Oddgeir Hansson, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson.

Slíkar skráningar voru gerðar vegna

skipulags sumarbústaðalands:

- Hrífunes í Vestur-Skaftafellssýslu að beiðni Landforms fyrir landeiganda.
- Kóngsbakki á Snæfellsnesi að beiðni Hönnunar fyrir landeigendur.
- Galtarholt í Borgarbyggð í Mýra- og Hnappadalssýslu að beiðni Stafna á milli ehf.

breytts skipulags í þéttbýli:

- Bessastaðahreppur, fimm deiliskipulagsreitir.
- Árborg, tveir deiliskipulagreitir á Eyrarbakka.
- Eyrardalur, deiliskipulagsreitir á Langeyri í landi Eyrardals í Súðavíkurbhreppi.

Hvolsvöllur

In connection to a new development plan for Rangárþing eystra, the Institute of Archaeology was asked to survey Hvolsvöllur, the only town in the area. The town of Hvolsvöllur lies on the property of the farm of Stórólfsþvols and, therefore, it was decided to survey all sites on the farm and its smaller subdivisions.

The landscape of Hvolsvöllur and its environs is characterised by flatlands, well-suited for cultivation and in the last few decades, the landscape has changed dramatically because of levelling and drainage. A high turn-over of population has meant that local knowledge is poorer than in other places and many place names have been forgotten. The field survey located 105 sites, twice the amount identified from documentary survey.

Narfastaðir

In Narfastaðir in Reykjadalur there is a farm hotel that is rapidly expanding. In connection with this expansion, the owner commis-

sioned a survey of sites on the farm and its shieling, in order to communicate the history of the farm and the area as a whole to guests and tourists. A local grant (Kísilglúrsjóður) was awarded and in the spring of 2004, the Institute was asked to conduct the survey; this was done in August and altogether 100 sites were recorded.

The sites in Narfastaðir exhibit a wide range of types, despite modern disturbance through improvement, including remains of houses used well into the 20th century down to boundaries which may have been established during the first centuries of settlement in the area. Many of the sites have not only local, but regional significance. It was concluded that information for the public and tourists on the sites would enhance appreciation of the heritage and the landscape.

By the end of 2004 the Institute had surveyed 18,600 sites in the field.

skógræktar:

- Hellir í Ölfusi að beiðni Árborgar fyrir Skógræktarfélag Selfoss.

Auk ofangreindra verkefna vann Fornleifastofnun þrjú umhverfismatsverkefni. Þau unnu Adolf Friðriksson, Guðrún Alda Gísladóttir, Rúnar Leifsson, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. Umhverfismat var gert vegna:

- Dettifossvegur frá Mývatnsöræfum í Ásbyrgi að beiðni Vegagerðarinnar á Akureyri.
- Línustæðis fyrir álver við Reyðarfjörð, fyrir Landsvirkjun.
- Norðausturvegur frá Sveltingi að Brekku í Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahreppi) í Norður-Þingeyjasýslu fyrir Vegagerðina á Akureyri.

Intensive survey 2004

The Institute of Archaeology conducted intensive surveys in many delimited areas in 2004. In most cases, the restricted areas were proposed development areas. Also entire farms were surveyed so that the archaeology could be incorporated in future development plans. The following people were involved in intensive surveys in 2004: Adolf Friðriksson, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Oddgeir Hansson, Sædís Gunnarsdóttir and Uggi Ævarsson.

Such surveys were done because of:

Summerhouse planning:

- Hrífunes in Vestur-Skaftafellssýsla at the request of Landform on behalf of the landowner.
- Kóngsbakki in Snæfellsnes at the request of Hönnun on behalf of landowners.
- Galtarholt in Borgarbyggð in Mýra- og Hnappadalssýslur at the request of Stafna á milli ehf.

Development in densely populated areas:

- Bessastaðahreppur, 5 new proposed development areas were surveyed
- Árborg, 2 new proposed development areas were surveyed in Eyrarbakki
- Eyrardalur, a new proposed development area was surveyed in Langeyri in Eyrardalur in Súðavíkurhreppur.

Forestry:

- Hellir in Ölfus at the request of Árborgar on behalf of Skógræktarfélag Selfoss.

Environmental Assessment 2004

Besides the aforementioned, the Institute worked on three environmental assessments. The following personnel were involved: Adolf Friðriksson, Guðrún Alda Gísladóttir, Rúnar Leifsson, Sædís Gunnarsdóttir and Uggi Ævarsson. Environmental assessments were conducted because of:

- Dettifoss road from Mývatnsöræfi to Ásbyrgi at the request of Vegagerðin in Akureyri.

-
- Electricity line associated with the aluminium factory at Reyðarfjörður, on behalf of Landsvirkjun.
 - Norðaustur road from Sveltingur to Brekka in Öxarfjarðarhreppur in Norður-Píngeyjasýsla on behalf of Vegagerðin in Akureyri.

FORNLEIFAUPPGRÖFTUR Í SKÁLHOLTÍ

Verkefnisstjórn: Gavin Lucas, Barbara Guðnadóttir, Mjöll Snæsdóttir og Orri Vésteinsson

Uppgrafterstjóri: Gavin Lucas

Starfsmenn við uppgröft: Andrew Hall, Auður Halldórsdóttir, Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir, Candy Hatherley, Cassian Hall, Dmitri Tarat, Elín Hreiðarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Óskar G. Sveinbjarnarson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og George Hambrecht (CUNY)



Danskur gullpeningur frá 1714

Gold coin from Denmark 1714

Sumarið 2004 var unnið þriðja árið í röð að fornleifarannsóknnum á biskupssetrinu og skólanum í Skálholti. Verkefnið er að mestu kostað af Kristnihátíðarsjóði og unnið í samstarfi við Skálholtsstað, Þjóðminjasafn Íslands og City University of New York (CUNY). Aðalrannsóknarsvæðið er þar sem staðarhús á biskupssetrinu og skólinn stóðu. Tveir könnunarskurðir voru teknir í brekkunni suður af staðnum, en

athugun 2003 hafði sýnt að þar voru sorphaugar frá byggðinni. Á öðrum staðnum var stækkaður skurður, sem opnaður hafði verið árið áður, til að safna saman dýrabeinum sem mikið var af. Á hinum staðnum var gerður skurður til að skoða snið gegnum sorphauginn nálægt aðaldyrum að sunnan.

